

Hverfisvernd við Suðurá í Mosfellsbæ.

Minnisblað að beiðni umhverfissviðs.

Minnisblað þetta er ritað vegna erindis Víghóls, íbúasamtaka í Mosfellsdal til bæjarráðs og samþykktar bæjarráðsfundar nr. 1365 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfissviðs um hverfisvernd meðfram ám, einkum Suðurá í aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Almennt

Hverfisvernd meðfram ám er skilgreind í skipulagi til að vernda nánasta umhverfi þeirra og tryggja aðgengi almennings til frambúðar. Hugmyndin með hverfisvernd af þessu tagi er að vernda „heildarásýnd“ svæða sem hafa náttúru- og útivistargildi. Við síðustu endurskoðanir aðalskipulags Mosfellsbæjar varð vart mikillar vakningar vegna þessa þar sem þéttbýli höfuðborgarsvæðisins stækkaði stöðugt og viðkvæm svæði, einkum við ár og vötn voru undir miklu álagi. Þá var gripið til þess ráðs að skilgreina hverfisvernd til að tryggja aðgengi almennings og koma í veg fyrir að náttúrugæði eins og árbakkar færu ekki forgörðum, að óathuguðu máli, vegna uppbyggingar.

Í minnisblaði þessu er fjallað um lög, reglugerðir og skipulagsáætlanir sem tengjast viðfangsefninu, þ. e. IV. kafla laga um náttúruvernd, skipulagsreglugerð, aðalskipulag Mosfellsbæjar (2002-2024 og 2011-2030) og deiliskipulagsáætlanir við Suðurá.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

IV. kafli. Almennaréttur, útivist og umgengni.

21. gr. *Umferð um vötn.*

[Um umferð um vötn fer samkvæmt ákvæðum [vatnalaga, nr. 15/1923.](#)] ³⁾

26. gr. *Girðingar.*

Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólréiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.

29. gr. *Úrlausn um ólögmætar hindranir.*

Umhverfisstofnun getur beitt úrræðum skv. 87. gr. til að knýja á um að ólögmætar hindranir séu fjarlægðar. Stofnunin getur einnig lagt fyrir eiganda eða rétthafa að setja stiga eða hlið á girðingu ef hún hindrar för fólks sem heimil er samkvæmt ákvæðum kaflans, t.d. um vatns-, ár- eða sjávarbakka. Umhverfisstofnun skal hafa samráð við byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags vegna aðgerða sem einnig kunna að falla undir valdsvið hans.

30. gr. *Heimildir til að bæta aðstöðu til útivistar.*

Til stuðnings við útivist geta sveitarfélög, Umhverfisstofnun eða einstakar náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr, hlið og göngustiga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni. Heimildin nær einnig til þess að merkja leiðir á óræktuðu landi, nema svæðum þar sem umferð er takmörkuð skv. 2. málslíð. 1. mgr. 18. gr. Þess skal gætt við undirbúning framkvæmda að þær falli sem best að svipmóti lands.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein eru háðar samþykki eiganda eða rétthafa lands. Þó er samþykki ekki skilyrði fyrir merkingu leiða á óræktuðu landi en áskilið að samráð sé haft við eiganda lands eða rétthafa.

Skipulagsreglugerð.

Hverfisverndarsvæði í eldri skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.22.1:

Skilgreining.

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, grein 5.3.2.14:

Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

Aðalskipulag

Skipulagslög kveða skýrt á um virka aðkomu íbúa og annarra hagsmunaaðila að skipulagsáætlunum. Á vinnslutíma aðalskipulags er efnt til margra kynningarfunda og áður en bæjarstjórn samþykkir skipulagsáætlunina er hún auglýst lögformlega og almenningi gefinn kostur á að gera við hana athugasemdir. Bæjarstjórn svarar öllum athugasemdum. Samþykkt skipulagsáætlun ásamt athugasemdum og svörum bæjarstjórnar er að lokum send Skipulagsstofnun sem vaktar skipulagsferlið og staðfestir áætlunina.

Tillaga að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 var kynnt á borgarafundi 25. 02. 2002. Tillagan var síðan auglýst lögformlega og samþykkt í bæjarstjórn eftir tvær umræður. Skipulagsstofnun staðfesti áætlunina 08. 09. 2003.

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024. (Staðfest 08. 07. 2003)

Aðalskipulag Mosfellsbæjar var unnið á Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Teiknistofan Landmótun sf kom að undirbúningsvinnu fyrir aðalskipulagið í árslok 2001. Í upphafi árs 2002 voru kynnt fyrstu drög að verkefni Landmótunar í skipulaginu, *Náttúra og útivist. Náttúra og útivist* var umfjöllun, greining og stefnumörkun um svæði sem njóta verndar, eru á náttúruminjasrá, skógræktarsvæði, græna trefilinn, opin svæði til sérstakra nota, áhugaverða staði, fornminjar o. fl. Um var að ræða undirbúning mikilvægra kafla í greinargerð aðalskipulagsins. Í þessari vinnu var Suðurá og umhverfi árinnað flokkað sem áhugavert svæði vegna útivistar.

Próf. Ólafur Arnalds náttúrufræðingur kom einnig að þessum þætti aðalskipulagsins.

Í tillögu að greinargerð í aðalskipulaginu 2002-2024 dags. 27.03.2002 segir í inngangi:

“Að baki endurskoðuninni liggur ítarleg undirbúningsvinna um landnotkun, umferðarkerfi og aðra skipulagsþætti, nýlega stefna í atvinnu- og ferðamálum, skólastefna Mosfellsbæjar og samþykkt umhverfisáætlun Mosfellsbæjar, Staðardagskrá 21, svo eitthvað sé nefnt. Enn fremur hefur Mosfellsbær verið aðili að gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem er gagnmerkt framlag til skipulagsmála svæðisins og nýtist öllum bæjunum sem aðild eiga að verkinu í skipulagsvinnu þeirra.”

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 (staðfest 08.07.2003), kafla 1.2. Leiðarljós segir:

- *Í skipulagi og uppbyggingu Mosfellsbæjar skal leggja áherslu á fjölbreytta, manneskjulega byggð, vandaða umhverfismótun og góð tengsl við aðliggjandi útivistarsvæði og náttúru. Lögð skal áhersla á sérstöðu og sjálfstæði Mosfellsbæjar en einnig á stöðu hans og*

hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins. Skipulag bæjarins og mótun byggðar og umhverfis stuðli að velferð íbúanna.

Eins og hér kemur fram var það ásetningur þeirra sem komu að aðalskipulaginu að leggja aukna áherslu á umhverfismál og *Náttúra og útivist* yrði ofin inn í aðalskipulag sveitarfélagsins.

Samtímis vinnu við aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024 var unnið að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Þar kvað við svipaðan tón varðandi umhverfismálin eins og sjá má í tillögu að greinargerð með svæðisskipulaginu:

- *að höfuðborgarsvæðið beri svipmót fagurra borgar þar sem tekið verði tillit til náttúrulegs landslags eins og kostur er við skipulag vel afmarkaðra nýrra hverfa.*
- *að tryggja íbúum greiðan aðgang að þjónustustofnunum og fyrirtækjum, ásamt góðu aðgengi að útivistarsvæðum.*
- *að varðveita og endurbæta grænu svæðin sem umlykja byggðina á svæðinu.*
- *að styrkja hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar.*
- *að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbæru umhverfi eins og kostur er.”*

Í greinargerð aðalskipulagsins 2002-2024, kafla 2 er vísað í staðadagskrá 21 fyrir Mosfellsbæ, meginmarkmið sem er lýsandi fyrir ríkjandi viðhorf í stjórnsýslu bæjarins:

- *Sterk umhverfisvitund mun móta stjórnsýslu bæjarins.*

Í kafla 2.1.4. *Hverfisverndarsvæði vegna náttúrufars* í aðalskipulaginu 2002-2024, sem staðfest var 08. 07. 2003, segir:

Hverfisverndar njóta þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá sbr. kafla 2.1.3. svo og Urðir í miðbæ Mosfellsbæjar. Einnig er lagt til að árnar (Leirvogsa, Kaldakvísl, Suðurá og Korpa auk Varmár) og svæði meðfram þeim njóti hverfisverndar. Stefna ber að því að gróður næst ánum fái að þróast á eigin forsendum en þó verði melum og flögum þar sem hætta er á uppblæstri lands lokað með uppgræðslu. Skógrækt ætti að vera í lágmarki við árnar nema til að búa til einstaka lundi til skrauts og skjóls. Hverfisvernd ánum feli m.a. í sér að leitað verði leiða til að banna beit í allt að 30 m fjarlægð frá ánum.

Hér er Suðurá nefnd til sögunnar og lagt til að hún njóti hverfisverndar vegna útivistar og sjálfbærrar náttúrlegrar þróunar.

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. (Staðfest 19.09.2013)

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 var skilgreind hverfisvernd á árbökkum Suðurrá í Mosfellsdal.

Í kafla 1.2 í greinargerð með Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 (Megininntak endurskoðunar) kemur fram að hverfisvernd verði eitt af meginviðfangsefnum endurskoðunarinnar.

Í kafla 2.2 í greinargerð með Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 (Markmið) er fjallað um umhverfi/náttúruminjar í kafla 2.2.1 og segir þar m.a:

Unnið skal að verndun náttúruminja í bæjarlandinu og friðun þeirra þar sem þess er þörf. ... Svæði sem æskilegt er að vernda og friða skulu merkt sérstaklega í aðalskipulagi ásamt þeim svæðum sem þegar njóta verndar og friðunar. Gera skal ráð fyrir góðu aðgengi að þeim svæðum sem mikilvæg eru fyrir útivist og náttúruskoðun, m.a. verði unnið áfram að stikun gönguleiða í bæjarlandinu, sem hefur verið samvinnuverkefni skáta og bæjarins. Tryggja skal gott aðgengi frá byggð að fjöru, ám og vötnum. Gert verði ráð fyrir a.m.k. 50 – 100 m óbyggðu svæði meðfram ströndum og árbökkum.

Í kafla 5.2 í greinargerð með Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er fjallað um hverfisvernd/: *almenn hverfisverndarákvæði:*

Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda skal á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu, þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilar svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins.

Hverfisverndarákvæði við árnar í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 .

Þar á meðal svæðið 232-Hv, Suðurá sbr. 5. kafla í greinargerð aðalskipulagsins.

Ákvæði:

- Gróður skal þróast á eigin forsendum og ekki skal raska jarðmyndunum.
- Ekki er leyfð framræsla votlendis.
- Skógrækt skal halda í lágmarki.
- Stuðla skal að bættu aðgengi fyrir fótgangandi vegfarendur.
- Þar sem aðstæður leyfa skal stuðla að umhverfisfræðslu með skiltum og fræðslustígum.
- Mannvirkjagerð er takmörkuð innan svæðisins en gert er ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar. Stígar skulu fyrst og fremst vera malarstígar nema um sé að ræða meginstíga skv. aðalskipulagi og skulu þeir falla vel að landi. Vanda skal útfærslu nauðsynlegra göngubrúa og forðast umhverfisskemmdir eins og kostur er.
- Þar sem vegir þvera hverfisverndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi skal vanda útfærslu brúa, lágmarka rask á vatnsbökkum og vanda umhverfisfrágang.
- Ofanvatni af föstum flötum (þökum, götum, bílastæðum) í nýrri byggð skal ekki veitt óhreinsuðu í árnar.

Hverfisverndarsvæði 232-Hv, Suðurá í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Hverfisverndarsvæðið er um 50 m breitt belti beggja vegna Suðurrá þar sem hún rennur frá upptökum sínum um Mosfellsdal og sunnan Leirvogstungu til sjávar. Þar sem núverandi byggð eða fyrirliggjandi deiliskipulag er nær ánni tekur hverfisverndarsvæðið mið af því.

Deiliskipulagsáætlanir við Suðurá.

Samkvæmt skipulagsvefsjá Skipulagstofnunar eru þrjár samþykktar deiliskipulagsáætlanir við Suðurá sem samþykktar voru áður en hverfisvernd í aðalskipulagi kom til sögunnar. Um er að ræða eftirtaldar áætlanir:

Deiliskipulag í Laugarbólslandi í Mosfellsdal (Reykjadalur og Reykjahlíð). Málsnúmer 1999120021.

Skiplagsnúmer 3819. Samþykkt 18.08.1999. Arkitektar Gunnar og Reynir sf. Þar segir í greinargerð: *Meðfram Suðurá er gert ráð fyrir 10 m breiðu belti sem skal vera aðgengilegt almenningi.*

Í þessu deiliskipulagi eru skráðar 9 breytingar, þar af nokkrar næst Suðurá. Allar gera ráð fyrir 10 m óbyggðu svæði meðfram ánni.

Með breytingu samþykkt 23.10.2013 „Laugarbólsland, Reykjadalur“ er sýndur nýr heildaruppdráttur með öllum áorðnum breytingum. Í greinargerð segir: *1.3 Ákvæði um aðgengi. Meðfram Suðurá er gert ráð fyrir 10 m breiðu belti sem skal aðgengilegt almenningi, m.a. er gert ráð fyrir útivistastígum til að tryggja aðgengi almennings. Við Laugabakka er lagt til að beltið sé sunnan ár sakir þrengsla vegna gróðurs á árbakka á mótis við Laugabakka. Göngubrú á mótis við Víðigrund tengir stíga norðan og sunnan Suðurrá.*

Deiliskipulag við Suðurá í Landi Lunda. Samþykkt 13.03.2002. Manfreð Vilhjálmsson arkitekt.

Auglýst í B deild 20.6.2002. Í greinargerð segir m.a.: *Fjarlægð bygginga má minnst vera 30 m frá Suðurá. Meðfram Suðurá er gert ráð fyrir minnst 10 metra breiðu svæði, auk stærrí útivistarsvæða. Þessi svæði skulu vera aðgengileg almenningi og skal þess gætt við gerð deiliskipulags aðliggjandi landareigna.*

Dalsgarður II. Deiliskipulag lóðar. Samþykkt 27.03.2002. Arkitektar Gunnar og Reynir. Í greinargerð kemur fram að það skipulag er byggt á Forsögn að deiliskipulagi. Svæði milli Æsustaðaafleggjara og Helgafellsvegar (nr. 131-011. dags 28.08.2001). Á uppdrætti af lóð Dalsgarðs II segir: *Kvöð er um 10 m belti meðfram Suðurá sem skal vera aðgengilegt almenningi.*

Niðurlag.

Skilgreining hverfisverndar í aðalskipulaginu 2002-2024 var táknað um ný viðhorf í umhverfismálum þar sem m. a. var tryggð óhindruð umferð almennings um árbakka.

Líta verður á 50 m breidd hverfisverndarsvæðisins við Suðurá sem almenna viðmiðun. Umfang hverfisverndar hlýtur, að okkar mati, að taka mið af mismunandi aðstæðum, byggð, landslagi, landnotkun, samþykktu deiliskipulagi og fleiru. Í aðalskipulagi er hvorki gerlegt né raunhæft að setja fram mismunandi hverfisvernd meðfram sömu ánni.

Með skilgreiningu hverfisverndar Suðurrá setur aðalskipulagið fram ákveðna stefnumörkun varðandi framkvæmdir nálægt bökkum árinna.

Reykjavík 26 .11.2018

Teiknistofa
arkitekta
Gylfi Guðjónsson
og félagar ehf

Gylfi Guðjónsson

Landmótun sf

Áslaug Traustadóttir